

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 25/2012

2012/EES/34/24

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 19. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 36/2010 frá 3. desember 2009 um fyrirmyndir Bandalagsins að ökuskirteinum lestarstjóra, viðbótarskirteinum, staðfestum endurrítum af viðbótarskirteinum og umsóknareyðublaðum fyrir ökuskirteini lestarstjóra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 22.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 42ga (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/17/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„42gb. **32010 R 0036**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 36/2010 frá 3. desember 2009 um fyrirmyndir Bandalagsins að ökuskirteinum lestarstjóra, viðbótarskirteinum, staðfestum endurrítum af viðbótarskirteinum og umsóknareyðublaðum fyrir ökuskirteini lestarstjóra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB (Stjtið. ESB L 13, 19.1.2010, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 22.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í stað hugtakanna „fyrirmynd Bandalagsins“ og „fyrirmynd Evrópubandalaganna“ í reglugerðinni og viðaukum hennar komi „fyrirmynd EES“ þegar ökuskirteini, viðbótarskirteini, staðfest endurrít af viðbótarskirteini eða umsóknareyðublað fyrir ökuskirteini lestarstjóra er gefið út af EFTA-ríki.
- b) Inngangsorðin í stafl. c) í 3. undirkafla I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin, hljóði svo:
„auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skirteinið, prentað í svörtum lit og umlukt svartri sporöskju.“
- c) Eftirfarandi bætist við í stafl. c) í 3. undirkafla I. viðauka:
„N: Noregur“
- d) Eftirfarandi bætist við í stafl. d) í 3. undirkafla I. viðauka:
„Norska: FØRERBEVIS“
- e) Eftirfarandi bætist við í 6. undirkafla I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin:
„Auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skirteinið skal prentað í samræmi við stafl. c) í 3. undirkafla þessa viðauka.“
- f) Í stað réthyrningsins með 12 stjörnum á viðbótarskirteini, endurríti viðbótarskirteinis og umsóknareyðublaði fyrir ökuskirteini lestarstjóra í 4. undirkafla II. viðauka, 4. undirkafla III. viðauka og 2. undirkafla IV. viðauka komi, að því er varðar EFTA-ríkin, auðkenni EFTA-ríkisins sem gefur út skirteinið, prentað í svörtum lit og umlukt svartri sporöskju.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 57, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 13, 19.1.2010, bls. 1.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 36/2010, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 286, 4.11.2010, bls. 22, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.